

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 3. áfanga, Hagahverfi.*  
Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 11. desember 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 3. áfanga, Hagahverfi.

Breytingin tekur til Nausta II og felur í sér að lóðin er stækkuð um 647 m<sup>2</sup> úr 9.574 m<sup>2</sup> í 10.221 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall breytist til samræmis úr 0,21 í 0,20. Þá er afmarkaður byggingarreitur fyrir smáhýsi á lóðinni og sýnt leiðbeinandi dæmi um staðsetningu djúpgáma.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og ekki er talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 16. desember 2024,*

**Rebekka Rut Þórhallsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.